MEIRI-TUNGA 2 í Rangárþingi ytra

Minni háttar breyting deiliskipulags



Gildandi deiliskipulag í mkv. 1:2.000, dagsett í janúar 2012.

Inngangur

Gerð er minni háttar breyting á deiliskipulagi fyrir Meiri-Tungu 2 í Rangárþingi ytra, landnr. 220669. Breytingin snýr að því að heimilt er að byggja 3 eldishús fyrir alifugla í stað tveggja áður. Einungis er gerð breyting á greinargerð deiliskipulagsins. Gildandi deiliskipulag var unnið af Steinsholti ehf og er dagsett í janúar 2012. Breytingin er í samræmi við gildandi aðalskipulag þar sem svæðið er skilgreint sem landbúnaðarland.

Byggingar

Í gildandi deiliskipulagi var eftirfarandi texti:
Á lóðinni er heimilt að byggja 2 hús, hvort um sig allt að 800 m². Mænishæð húsa getur verið allt að 8 m m.v. hæð jarðvegs umhverfis húsin. Mænisstefna er frjáls. Nýtingarhlutfall verður ekki yfir 0,1.

Breyttur texti verður eftirfarandi:
Á lóðinni er heimilt að byggja 3 hús, hvert um sig allt að 800 m². Mænishæð húsa getur verið allt að 8 m m.v. hæð jarðvegs umhverfis húsin. Mænisstefna er frjáls. Nýtingarhlutfall verður ekki yfir 0,1.

Að öðru leyti gilda skilmálar eldra deiliskipulags. Nýtt hús verður innan skilgreinds byggingareits.

Umhverfisáhrif

Nú þegar hafa verið byggð tvö tæplega 800 m² eldishús á lóðinni sem hvort um sig rúmar allt að 13.000 kjúklinga. Því verða, eftir breytingu stæði fyrir allt að 39.000 fugla. Breytt deiliskipulag er því enn langt frá umhverfisviðmiðunum um mat á umhverfisáhrifum (stæði fyrir 85.000 kjúklinga eða fleiri) eða lámarksfjarlægðir sbr. nýja reglugerð nr. 520/2015) þar sem gert er ráð fyrir að stæði fyrir 40.000 eða fleiri sé í a.m.k. 50m fjarlægð frá byggð. Það er því ekki gert ráð fyrir teljandi umhverfisáhrifum af breyttu skipulagi, umfram það sem er í dag.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra þann _____

_____
F.h. sveitarstjórnar Rangárþings ytra

Deiliskipulagstillagan öðlast gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

STEINSHOLT

MEIRI-TUNGA 2

Deiliskipulagsbreyting

Suðurlandsvegi 1-3 850 Hella. S. 487 7800 www.steinsholtsf.is	Verk: 8614 DA132	Dags: 01.12.2016
	Mkv: 1:2.000	Breytt:
	Blaðstærð: A4	
Hannað: GG, ÁJ, IS Teiknað: IS	Samþykkt:	